



Samtakahópurinn, haldinn í fjarfundi 16. desember 2021 kl. 08.30

Mætt: Svava Ósk Stefánsdóttir, Davíð Már Gunnarsson, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Linda Sif Leifsdóttir, Elísabet Kolbrún Eckhard, Ásdís Ragna Einarsdóttir, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Fríða Guðlaugsdóttir, Heiða Ingimundardóttir, Kolbrún Skagfjörð Sigurðardóttir, Kristján Freyr Geirsson, Sigrún Helga Björgvinsdóttir og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

\*\*\*

## Fundargerð

### 1. Breyting á Samtakahópnum


Ásdís Ragna Einarsdóttir er að leysa Guðrúnu Magnúsdóttur lýðheilsufulltrúa af vegna barneignaleyfis og Linda Sif Leifsdóttir hefur tekið við af Kolbrúnu Þorgilsdóttur. Linda Sif og Ásdís Ragna eru boðnar velkomnar í hópinn og Kolbrúnu þakkað fyrir góð störf.

### 2. Kynning á íslenska forvarnarmódelinu

Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi kynnti valdar aðgerðir sem Reykjanesbær hefur unnið að allt frá árinu 1998 sem hófst með verkefninu Reykjanesbær á réttu róli sem miðar að því að styrkja umhverfi einstaklingsins og bjóða upp á skipulagt

íþrótta- og tómstundastarf. Fjölmörg verkefni hafa á undanförunum árum verið sett á laggirnar sem hafa skilað undraverðum árangri sem að aðrar þjóðir eru að innleiða þessi misserin.

Þróun á notkun vímuefna meðal 10. bekkinga á Íslandi árin 1998 - 2021



### 3. Hvatagreiðslur í Reykjanesbæ hækka í 45.000 kr.

Íþrótt- og tómstundafulltrúi fór yfir hækkingu Reykjanesbæjar á hvatagreiðslum sveitarfélagsins og minnti á mikilvægi þess að hvetja sem flest börn til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi. Að auki minnti ÍT fulltrúi á þá sjóði sem eru fyrir utan sjóði sveitarfélagsins sem geta verið afar mikilvægir þar sem að þröngt er í búi.

## Hvatagreiðslur/frístundastyrkur hækka í 45.000 kr.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur samþykkt að hvatagreiðslur fyrir foreldra barna á aldrinum 6 til 18 ára séu kr. 45.000.- frá 1. janúar 2022 til niðurgreiðslu á viðurkenndu íþrótt-, tómstunda- og listgreinastarfi. Úthlutun hvatagreiðslna/frístundastyrks fer fram í gegnum Hvata vefskráningar- og greiðslukerfi ( Sportabler o.s.frv.).



Þegar nýskráningar hefjast (yfirleitt á haustin) er hægt að ráðstafa hvatagreiðslunni/frístundastyrknum. Þegar það er gert er mikilvægt að haka í reitinn „nota frístundastyrk“ ef foreldrar kjósa það. Þá dregst upphæðin frá æfingagjaldinu. Hvatagreiðslur/frístundastyrkur verða greiddar út mánaðarlega til íþrótt- og tómstundafélaganna í stað þess að greiðslan fari beint til foreldra eins og áður tíðkaðist.

Greiðslan getur að hámarki numið kostnaði við námskeið. Skilyrði er að um skipulagt starf sé að ræða, sem er stundað undir leiðsögn þjálfara eða kennara/leiðbeinanda. Einungis er hægt að nýta hvatagreiðslu/frístundastyrk einu sinni á hvert gjald.

Skilyrði er að bæði barn og foreldri eigi lögheimili í Reykjanesbæ.

Hvatagreiðslur/frístundastyrkur sem búið er að ráðstafa í æfingagjöld er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra til viðkomandi.

Hvatagreiðslur/frístundastyrkur nýtast ekki fyrir Frístundaheimili skólanna.

Hafi viðkomandi ekki nýtt sér hvatagreiðslur/frístundastyrkur að hluta eða að fullu falla eftirstöðvar niður um áramót.

Allar fyrirspurnir tengdar hvatagreiðslum/frístundastyrk skal senda á netfangið [hvatagreiðslur@reykjanesbaer.is](mailto:hvatagreiðslur@reykjanesbaer.is)

Ef iðkandi er að nýskrá sig í íþrótt þar sem æfingátímabilið er hálfnað eða langt liðið þá þarf viðkomandi

að senda tölvupóst á [hjordis@keflavik.is](mailto:hjordis@keflavik.is) [hamundur@umfn.is](mailto:hamundur@umfn.is) til að fá aðstoð við skráningu.

Fyrirspurnir vegna hvatagreiðslna/frístundastyrks skulu sendast á [hvatagreiðslur@reykjanesbaer.is](mailto:hvatagreiðslur@reykjanesbaer.is)

Íþrótt- og tómstundafulltrúi



### 4. Ofbeldismál ungmenna – framhald frá síðasta fundi.

Kristján Freyr Geirsson varðstjóri forvarna hjá lögreglunni á Suðurnesjum sagði frá fræðslu sem að hann fór með í einn grunnskóla. Í skoðun er að heimsækja fleiri skóla. Að auki mun Samtakahópurinn boða til foreldrafundar á nýju ári. Lykilatriðið til að ná árangri er mikil og góð samvinna við foreldra og nemendur. Sjá fylgiskjöl.

### 5. Vefurinn 112.is

Samtakahópurinn hvetur alla sem vinna með börn og ungmenni að kynna sér afar vandaðan vef sem er kominn í loftið. Þar eru fræðslumyndbönd sem geta svo sannarlega virkað vel við kennslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið 09.45 – næsti fundur verður um miðjan janúar og þá mun Ásdís Ragna Einarsdóttir kynna áherslur í lýðheilsuárum.

## Börn niður í ellefu ára aldur beiti ofbeldi til þess eins að fá „læk“ á samfélagsmiðlum



Ofbeldi meðal ungra krakka hefur aukist og stöðugt fleiri börn bera á sér vopn, að sögn lögreglu. Dæmi séu um að krakkar allt niður í ellefu ára aldur taki þátt í slagsmálum – oft í þeim eina

tilgangi að geta birt af þeim myndbönd á samfélagsmiðlum.

Töluvert hefur borið á fréttum af árásum ungmenna að undanfögnu. Má þar til að mynda nefna hóp barna í Garðabæ sem safnaðist saman við heimili samnemenda síns í síðasta mánuði og hótuðu honum ofbeldi. Þá var ráðist á tvo sextán ára drengi á Álftanesi á föstudag og gróf árás var við Kringluna á laugardag þegar hópur ungmenna veitti pilt undir átján ára aldri höfuðhögg.

Birgir Örn Guðjónsson, varðstjóri og samfélagslögregla, segist að árásirnar séu oftast gerðar í þeim tilgangi að fá læk á samfélagsmiðlum.

„Það er ekkert hægt að neita því að það virðist vera ákveðinn stígandi, fjölgun í þessum brotum, sem veldur okkur áhyggjum,“ segir Birgir.

„Þetta er farin að verða ákveðin sýning. Það eru aðilar og jafnvel hópar sem vilja taka þetta upp og sýna á samfélagsmiðlum, og það er þessi heimur sem krakkar eru rosalega mikið með í sínum lófa inni í herbergi og foreldrar vita ekkert hvaða heimur þetta er,“ segir hann. Í þessum heimi skapi krakkarnir sér nafn sem hættulegir einstaklingar og búi sér til heim sem sé fullur af ótta og hótunum.

### Með barefli og hnífa á sér

Birgir segir að borið hafi á því að unglingar beri á sér vopn á borð við hnífa.

„Eitthvað sem er gert í ákveðnu hugsanaleyzi. Ég hef rætt við mjög mikið af unglingum og yfirleitt vita þeir ekkert af hverju þeir eru með þetta á sér. Þeir segja bara að þeir séu að verja sig – en þegar ég spyr hvað þeir ætli að gera ef þeir reiðist, hvort þeir ætli í alvöru að taka upp hnífinn og stinga aðra og lifa með því restina af lífinu, þá nær hugsunin bara ekki þangað. Þetta er bara einhver viðtekin venja að ákveðinn hópur er tilbúinn til að bera á sér hníf eða barefli og mæta þannig í slagsmál.“

MÁLÞING UM FORVARNIR OG LÍÐAN BARNA

# HVAR ER BARNIÐ MITT?

HVAÐ MÁ GERA BETUR FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

## OFBELDI MEÐAL BARNA OG UNGLINGA

Birgir Örn Guðjónsson, lögregluvarðstjóri

## ERT ÞÚ AÐ HLUSTA?

Sigríður Björk Einarsdóttir, framkvæmdarstjóri SAMFOK

## VERNDANDI ÞÆTTIR OG VERKLAG BRÚARINNAR

Stella Björg Kristinsdóttir, forvarnarfulltrúi og  
Hulda Björk Finnsdóttir, verkefnastjóri hjá Brúnni

## ÁHÆTTUHEGÐUN UNGLINGA OG OKKAR HLUTVERK

Andrea Marel, deildarstjóri unglíngastarfs hjá Tjörninni

KAPLAKRIKI - SJÓNARHÓLL

ÞRIÐJUDAGINN 23. nóv. - KL. 20:00

Í BEINU STREYMI Á FACEBOOKSÍÐU FORELDRARÁÐSINS

